

# Maí 2013

## Komið sæl

Nú er apríl á enda og maí að skella á. Foreldrasamtölin eru nær öll búin en við viljum minna foreldra á að þið getið alltaf komið og spjallað við okkur ef eitthvað liggur á hjarta og pantað samtál. Það er mikilvægt að vera í góðum samskiptum. Tónlistarstundir með Heimi verða þar til tónlistarskólinn lýkur starfsárinu en við munum að sjálfsögðu halda áfram með tónlistarstundirnar fram að sumarleyfi. Bókasafnsferðir og hópastarf verður út maí mánuð. Í júní hefst svo sumarstarfið og færum við þá starfið út á lóð og vonandi verða það ekki vetraríþróttir þó svo maður sjái ekki fram á annað í augnablikinu. En við horfum fram á veginn með sól í hjarta og vonum að það skili sér út í veðráttuna, vonum að við fáum gott sumar og getum haft fjölbreytt starf á útisvæði í sumar.

RUV heimsótti Dalvík í aprílmánuði og fékk að taka myndir af börnunum á útisvæðinu og mátti sjá örstutt myndaskot í fréttatíma stöðvarinnar.

Í maí er margt að gerast. Elstu börnin heimsækja Kátakot á 2 og 3 maí mað það að markmiði að kynna skólanum, starfsfólki og börnum. Vikuna 13-17 maí er opin vika og þá eru foreldrar hvattir til að heimsækja okkur en við erum með hefðbundið starf og má sjá skipulag á næstu síðu. Sveitaferðin er á áætlun og er það foreldrafélagið sem sér um skipulagningu og væntum við fréttu á næstu dögum. Í lok mánaðarins er svo foreldrafundur fyrir foreldra barna sem byrja í Krílakoti í sumar.

Hún Bríet Sara var að byrja í Krílakoti í lok apríl og verður á Skýjaborg. Mamma hennar hún Elva Ósk er að koma úr fæðingarorlofi og mun starfa á Hólakoti frá 1. maí frá 9-15 og bjóðum við hana velkomna. Pálína á Hólakoti er nú hætt störfum og óskum við henni alls hins besta. Júlíana á Skakkalandi er farin í fæðingarorlof en hún ætlar að koma aftur til okkar að ári liðnu, við óskum henni velfarnaðar.

Bestu kveðjur og gleðilegt sumar

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

## Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Erna Þórey (Vala Katrín og Egill Bjarki)  
Hanna Kristín (Hákon Þór)  
Helga (Eyrún Hekla)  
Karl Ingi Atlason (Bríet Þóra)

## Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Ágústa Kristín (mamma Magneu)  
Guðrún Ósk (mamma Ásdísar Ingu)  
Snæþór (pabbi Hólmars Elí)

Stöndum saman að velferð barna okkar



## Maí

Opin vika 13-17 maí

Sveitaferð 24 maí



## Vinsamlegast slökkvið á bíllvélum

Leggið ekki í stæðið næst skólanum (við inngang skýjaborgar), það er ætlað fötluðum og vöruflutningabílum.



## Uppbyggingarstefnan

Sáttmálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem er mikilvægt að við virðum öll. Í vetur settum við okkur ákveðnar reglur svo okkur líði öllum betur og vitum hvað er ætlast til af okkur.

“Vera á sínu svæði”

“Við göngum inni”

“Við notum inniröddina”

“Kennarastóll er fyrir kennara”

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



“Við erum góð við hvert annað  
Það eru allir jafnir óháð stöðu,  
aldri, þjóðerni og kyni”

Það er mikilvægt að byggja upp jákvætt umhverfi og það ætlum við að gera hægt og örugglega og vanda til verka.

Við ætlum að hafa vinnureglurnar fáar og skýrar.

Við hvetjum foreldra til að vera okkur innan handar og minna börnin á sáttmálann þegar tækifæri gefst.

## Opin vika 2013

Víkuna 13-17 maí verður opin vika í Krílakoti. Foreldrum barna, fjölskyldum þeirra, vinum og öðrum áhugasömum er velkomið að heimsækja okkur. Hægt verður að heimsækja okkur á opnunartíma eða frá 7:30-16:15. og taka þátt í leik og starfi með börnum og kennurum. Fólki er velkomið að kíkja oftar en einu sinni yfir vikuna.

Í opnu vikunni verður hefandið skólastarf og hér fyrir neðan má sjá hvernig dagurinn er skipulagður hjá okkur. 11:30-13:00 er hádegisverður og hvíld og óskum við eftir því að þið skipuleggið heimsóknir utan þess tíma.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Skýjaborg	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera
Skakkaland	09:00 Tónar 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val
Hólakot	09:00 Tónar 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Val